

AUGLÝSING

samnings um kjarnorkuöryggi.

Hinn 4. júní 2008 var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um kjarnorkuöryggi sem gerður var í Vínarborg 17. júní 1994. Samningurinn öðlaðist gildi gagnvart Íslandi 2. september 2008 og er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 7. desember 2022.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.**SAMNINGUR
UM KJARNORKUÖRYGGI***Formálsorð.***SAMNINGSADILARNIR**

- i. sem gera sér ljóst mikilvægi þess fyrir samfélag þjóðanna að notkun kjarnorku sé örugg, undir góðu eftirliti og umhverfisvæn,
- ii. sem áréttu að nauðsynlegt er að halda áfram að stuðla að öflugu kjarnorkuöryggi um allan heim,
- iii. sem áréttu að ábyrgð á kjarnorkuöryggi hvílur á því ríki sem hefur lögsögu yfir kjarnorkuvirki,
- iv. sem hafa hug á að styðja við skilvirka framkvæmd kjarnorkuöryggismála,
- v. sem gera sér ljóst að slys í kjarnorkuvirkjum geta haft áhrif yfir landamæri,
- vi. sem hafa í huga samninginn um vörslu kjarnakleyfra efna (1979), samninginn um að tilkynna án tafar um kjarnorkuslys (1986) og samninginn um aðstoð ef kjarnorkuslys ber að höndum eða neyðarástand skapast af völdum geislunar (1986),
- vii. sem staðfesta mikilvægi alþjóðlegrar samvinnu til að auka kjarnorkuöryggi með gildandi tvíhliða og marghliða fyrirkomulagi og með því að staðfesta þennan hvatasamning,
- viii. sem gera sér grein fyrir að þessi samningur felur í sér skuldbindingu um að beita grundvallaröryggisreglum fyrir kjarnorkuvirki frekar en ítarlegum öryggisstöðlum og að til eru alþjóðlega mótaðar öryggisleiðbeiningar sem eru uppfærðar öðru hverju og geta þannig veitt leiðsögn um samtímaaðferðir til að ná fram háu öryggisstigi,
- ix. sem staðfesta nauðsyn þess að hefja sem fyrst þróun alþjóðasamnings um örugga meðhöndlun geislavirks úrgangs um leið og yfirstandandi ferli við þróun grundvallarreglna um örugga meðhöndlun úrgangs er lokið með viðtækum alþjóðasamningi,
- x. sem gera sér grein fyrir gagnsemi af frekari tæknilegri vinnu í tengslum við öryggi annarra hluta hringrásar kjarnorkueldsneytis og að þessi vinna gæti með tímanum greitt fyrir þróun fyrirliggjandi eða síðari alþjóðlegra gerninga,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR um eftirfarandi:

1. KAFLI**Markmið, skilgreiningar og gildissvið.****1. gr.***Markmið.*

Markmiðin með samningi þessum eru:

- i. að ná og viðhalda öflugu kjarnorkuöryggi um heim allan með því að efla ráðstafanir innan hvers ríkis og alþjóðlega samvinnu, þ.m.t., eftir því sem við á, tæknilega samvinnu sem tengist öryggi,
- ii. að ná og viðhalda öflugum vörnum í kjarnorkuvirkjum gegn hugsanlegri geislunarhættu í því skyni að vernda einstaklinga, samfélagið og umhverfið gegn skaðlegum áhrifum jónandi geislunar frá slíkum virkjum,
- iii. að afstýra slysum, sem leiða til geislunar, og draga úr afleiðingum þeirra eigi þau sér stað.

2. gr.*Skilgreiningar.*

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- i. „kjarnorkuvirki“: að því er sérhvern samningsaðila varðar, hvers kyns borgaralegt kjarnorkuver á landi innan lögsögu þeirra, einnig með aðstöðu fyrir geymslu, afhendingu og meðhöndlun á geislavirkum efnum á sama stað sem tengjast beint starfrækslu kjarnorkuversins. Slíkt kjarnorkuver hættir að vera kjarnorkuvirki þegar allt eldsneyti fyrir kjarnakljúfa hefur verið fjarlægt varanlega úr ofnkjarnanum og komið í örugga geymslu í samræmi við samþykktar verklagsreglur og eftirlitsstofnunin hefur samþykkt óvirkjunaráætlun,

- ii. „eftirlitsstofnun“: að því er sérhvern samningsaðila varðar, hver sú stofnun eða stofnanir sem samningsaðilinn hefur veitt lagaheimild til að veita leyfi og setja reglur um staðsetningu, hönnun, byggingu, gangsetningu, starfrækslu eða óvirkjun kjarnorkuvirkja,
- iii. „leyfi“: hvers kyns heimild sem eftirlitsstofnunin veitir umsækjanda til að bera ábyrgð á staðsetningu, hönnun, byggingu, gangsetningu, starfrækslu eða óvirkjun kjarnorkuvirkja.

3. gr.

Gildissvið.

Samningur þessi gildir um öryggi kjarnorkuvirkja.

2. KAFLI

Skuldbindingar.

a) Almenn ákvæði.

4. gr.

Framkvæmdarráðstafanir.

Sérhver samningsaðili skal, innan ramma landslaga sinna, gera þær ráðstafanir varðandi lagasetningu og stjórnsýslufyrirmæli og aðrar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að koma skuldbindingum sínum samkvæmt þessum samningi til framkvæmda.

5. gr.

Skýrslugjöf.

Sérhver samningsaðili skal leggja fram til endurskoðunar, fyrir hvert þing sem um getur í 20. gr., skýrslu um þær ráðstafanir sem hann hefur gert til að koma sérhverri skuldbindingu sinni samkvæmt þessum samningi til framkvæmda.

6. gr.

Kjarnorkuvirki sem fyrir eru.

Sérhver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að gerð sé eins fljótt og auðið er úttekt á öryggi kjarnorkuvirkja sem eru starfandi þegar samningurinn öðlast gildi gagnvart þeim samningsaðila. Þegar nauðsyn krefur í tengslum við þennan samning skal samningsaðilinn sjá til þess að allar endurbætur sem við verður komið séu gerðar sem allra fyrst til að uppfæra öryggi kjarnorkuvirkisins. Ef slíkar endurbætur nást ekki ætti að koma til framkvæmda áætlunum um að loka kjarnorkuvirkinu eins fljótt og hægt er. Við tímasetningu lokunarinnar má taka tillit til heildarorkusamhengis og hugsanlegra staðgöngukosta auk félagslegra, umhverfislegra og efnahagslegra áhrifa.

b) Löggjöf og reglusetning.

7. gr.

Rammi um löggjöf og reglusetningu.

1. Sérhver samningsaðili skal koma á fót og viðhalda ramma um löggjöf og reglusetningu til að stýra öryggi kjarnorkuvirkja.
2. Í ramma um löggjöf og reglusetningu skal kveða á um:
 - i. að settar verði viðeigandi landsbundnar öryggiskröfur og -reglur,
 - ii. leyfisveitingarkerfi er varðar kjarnorkuvirki og bann við starfrækslu kjarnorkuvirkis án leyfis,
 - iii. kerfi eftirlitsskoðana og mats á kjarnorkuvirkjum til að kanna hvort farið sé að viðeigandi reglum og leyfisskilmálum,
 - iv. framfylgd viðeigandi reglna og leyfisskilmála, þ.m.t. tímabundin svipting, breyting eða afturköllun.

8. gr.

Eftirlitsstofnun.

1. Sérhver samningsaðili skal koma á fót eða tilnefna eftirlitsstofnun sem fær það verkefni koma til framkvæmda ramma um löggjöf og reglusetningu sem um getur í 7. gr. og sem veittar eru viðeigandi valdheimildir, valdsvið, fjármagn og mannaúður til að uppfylla skyldur sínar.
2. Sérhver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja virkan aðskilnað milli starfssviðs eftirlitsstofnunarinnar og starfssviðs annarra aðila eða stofnana sem fjalla um framgang eða nýtingu á kjarnorku.

9. gr.

Ábyrgð leyfishafa.

Sérhver samningsaðili skal tryggja að meginábyrgð á öryggi kjarnorkuvirkis hvíli á handhafa viðkomandi leyfis og skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að sérhver slíkur leyfishafi risi undir ábyrgð sinni.

c) Almenn öryggisatriði.

10. gr.

Öryggismál í forgangi.

Sérhver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að allar stofnanir sem taka þátt í starfsemi sem hefur bein tengsl við kjarnorkuvirki setji stefnur sem veita kjarnorkuöryggi tilhlýðilegan forgang.

11. gr.

Fjármagn og mannaúður.

1. Sérhver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fyrir hendi sé nægilegt fjármagn til að styðja við öryggi hvers kjarnorkuvirkis á endingartíma þess.
2. Sérhver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að nægilegur fjöldi hæfs starfsfólks með viðeigandi menntun, þjálfun og endurþjálfun sé til staðar í allri öryggistengdri starfsemi innan eða vegna hvers kjarnorkuvirkis á endingartíma þess.

12. gr.

Mannlegir þættir.

Sérhver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að tekið verði tillit til mannlegrar getu og takmarkana á henni á endingartíma kjarnorkuvirkis.

13. gr.

Gæðatrygging.

Sérhver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að gæðatryggingaráætlunum verði komið á fót og þeim komið til framkvæmda með það í huga að efla tiltrú á að tilgreindar kröfur, er varða alla starfsemi sem er mikilvæg kjarnorkuöryggi, verði uppfylltar á endingartíma kjarnorkuvirkis.

14. gr.

Mat og sannprófun á öryggi.

Sérhver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að:

- i. ítarlegt og kerfisbundið öryggismat fari fram fyrir byggingu og gangsetningu kjarnorkuvirkis og á endingartíma þess. Slíkt mat skal vera vel skjalfest, uppfært síðar í ljósi reynslu af starfrækslu og mikilvægra nýrra öryggisupplýsinga og endurskoðað undir stjórn eftirlitsstofnunarinnar,
- ii. sannprófun með greiningu, eftirliti, prófunum og skoðunum fari fram til að tryggja að eðlisástand og starfræksla kjarnorkuvirkis haldist áfram í samræmi við hönnun þess, gildandi landsbundnar öryggiskröfur og starfrækslumörk og -skilyrði.

15. gr.

Geislavarnir.

Sérhver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að á öllum starfrækslustigum verði váhrifum af völdum geislunar, sem starfsmenn og almenningur verða fyrir frá kjarnorkuvirkinu, haldið eins í því lágmarki sem raunhæft er að gera ráð fyrir og að enginn einstaklingur verði fyrir geislaskammti sem er hærri en sá landsbundni skammtur sem mælt er fyrir um.

16. gr.

Neyðarviðbúnaður.

1. Sérhver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fyrir hendi séu neyðaráætlanir á staðnum og utan hans sem eru prófaðar reglulega fyrir kjarnorkuvirki og ná yfir aðgerðir sem grípa þarf til ef neyðarástand skapast. Áður en nýtt kjarnorkuvirki hefur starfsemi ofan við lágafsstig skal semja og prófa slíkar áætlanir sem eftirlitsstofnunin samþykkir.
2. Sérhver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að hans eigin íbúar og lögbær yfirvöld í ríkjum í nágrenni við kjarnorkuvirkið fái, að svo miklu leyti sem líklegt má telja þau verði fyrir áhrifum af neyðarástandi af völdum geislunar, viðeigandi upplýsingar varðandi áætlanagerð og viðbrögð í neyðarástandi.
3. Samningsaðilar sem hafa ekki kjarnorkuvirki á yfirráðasvæði sínu skulu, að svo miklu leyti sem líklegt má telja að þeir verði fyrir áhrifum af neyðarástandi af völdum geislunar frá kjarnorkuvirki í nágrenninu, gera viðeigandi ráðstafanir til að gera og prófa neyðaráætlanir á yfirráðasvæði sínu sem ná yfir þær aðgerðir sem gripið verður til ef slíkt neyðarástand skapast.

d) Öryggi mannvirkja.

17. gr.

Staðsetning.

Sérhver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að settar verði viðeigandi verklagsreglur og þeim fylgt:

- i. við mat á öllum viðkomandi þáttum sem tengjast staðsetningu sem líklegir eru til að hafa áhrif á öryggi kjarnorkuvirkis á áætluðum endingartíma þess,
- ii. við mat á líklegum öryggisáhrifum fyrirhugaðs kjarnorkuvirkis á einstaklinga, samfélag og umhverfið,
- iii. við endurmat, eftir því sem nauðsyn krefur, á öllum viðkomandi þáttum sem um getur í i. og ii. lið til að tryggja að öryggi í kjarnorkuvirkinu teljist áfram ásættanlegt,
- iv. við samráð við samningsaðila í nágrenni við fyrirhugað kjarnorkuvirki, að svo miklu leyti sem líklegt má telja að þeir verði fyrir áhrifum af kjarnorkuvirkinu og, að fenginni beiðni um að veita slíkum samningsaðilum nauðsynlegar upplýsingar, til að gera þeim kleift að meta og framkvæma eigið mat á því hver líkleg öryggisáhrif kjarnorkuvirkisins eru á þeirra eigið yfirráðasvæði.

18. gr.

Hönnun og bygging.

Sérhver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að:

- i. hönnun og bygging kjarnorkuvirkis geri ráð fyrir nokkrum áreiðanlegum verndarstigum og -aðferðum (ítarlegar varnir) gegn losun geislavirkra efna í því skyni að koma í veg fyrir slys og til að milda afleiðingar vegna geislunar ef þau verða,
- ii. tæknin sem er felld inn í hönnun og byggingu kjarnorkuvirkis sé gagnreynd eða metin hæf með prófunum eða greiningu,
- iii. hönnun kjarnorkuvirkis geri ráð fyrir áreiðanlegri og stöðugri starfsemi, sem auðvelt er að stýra, þar sem tekið er sérstakt tillit til mannglegra þátta og tengiskila manns og tölvu.

19. gr.

Starfræksla.

Sérhver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að:

- i. upphaflegt leyfi til að starfrækja kjarnorkuvirki byggist á viðeigandi öryggisgreiningu og gangsetningaráætlun sem sýnir fram á að virkið, eins og það er byggt, sé í samræmi við hönnunar- og öryggiskröfur,
- ii. starfrækslumörk og -skilyrði sem leiðir af öryggisgreiningunni, prófunum og reynslu af starfrækslu séu skilgreind og endurskoðuð eins og þörf krefur til að greina örugg starfrækslumörk,
- iii. starfræksla, viðhald, skoðanir og prófanir á kjarnorkuvirki fari fram í samræmi við viðurkenndar verklagsreglur,
- iv. verklagsreglur séu settar til að bregðast við fyrirséðum atvikum og slysum við starfrækslu,
- v. nauðsynlegar verkfræði- og tæknilegur stuðningur á öllum sviðum tengdum öryggi sé til-tækur á endingartíma kjarnorkuvirkis,
- vi. handhafi viðkomandi leyfis tilkynni tímanlega til eftirlitsstofnunar atvik sem hafa þýðingu gagnvart öryggi,
- vii. áætlunum til að safna og greina reynslu af starfrækslu verði komið á fót, unnið verði með fengnar niðurstöður og ályktanir sem dregnar hafa verið og að fyrirbyggjandi fyrirkomulag verði notað til að deila mikilvægri reynslu með alþjóðlegum stofnunum og öðrum starfandi stofnunum og eftirlitsaðilum,
- viii. myndun geislavirks úrgangs frá starfrækslu kjarnorkuvirkis verði haldið í því lágmarki sem mögulegt er fyrir viðkomandi ferli, bæði hvað varðar starfsemi og magn, og að öll nauðsynleg meðhöndlun og geymsla á notuðu eldsneyti og úrgangi sem tengjast starfrækslunni beint og er á sama stað og kjarnorkuvirkið taki tillit til formeðhöndlunar og förgunar.

3. KAFLI

Þing samningsaðila.

20. gr.

Endurskoðunarþing.

1. Samningsaðilarnir skulu halda þing (hér á eftir nefnt „endurskoðunarþing“) í þeim tilgangi að fara yfir skýrslur sem lagðar eru fram skv. 5. gr. í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem samþykktar eru skv. 22. gr.
2. Með fyrirvara um ákvæði 24. gr. má stofna undirhópa með fulltrúum samningsaðila og þeir geta starfað á endurskoðunarþinginu eftir því sem þurfa þykir í þeim tilgangi að fara yfir tiltekin málefni í skýrslunni.
3. Sérhver samningsaðili skal fá sanngjarnt tækifæri til þess að ræða þær skýrslur sem aðrir samningsaðilar leggja fram og leita nánari skýringar á þeim.

21. gr.

Tímaáætlun

1. Samningsaðilarnir skulu halda undirbúningsþing eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistökuðag þessa samnings.
2. Á þessu undirbúningsþingi skulu samningsaðilarnir ákveða dagsetningu fyrsta endurskoðunarþingsins. Halda ber þetta endurskoðunarþing eins fljótt og unnt er og eigi síðar en þrjátíu mánuðum eftir gildistökuðag þessa samnings.
3. Á hverju endurskoðunarþingi skulu samningsaðilarnir ákveða dagsetningu næsta endurskoðunarþings. Ekki skal líða lengri tími á milli endurskoðunarþinga en þrjú ár.

22. gr.

Fyrirkomulag málsmeðferðar.

1. Á undirbúningsþinginu sem haldið er skv. 21. gr. skulu samningsaðilar semja og samþykkja samhljóða starfsreglur og fjárhagsreglur. Samningsaðilarnir skulu einkum setja fram í samræmi við starfsreglurnar:

- i. leiðbeiningar varðandi snið og gerð skýrslanna sem á að leggja fram skv. 5. gr.,
 - ii. dagsetningu varðandi framlagningu slíkra skýrslna,
 - iii. ferli endurskoðunar á slíkum skýrslum.
2. Á endurskoðunarþingum mega samningsaðilarnir, ef nauðsyn krefur, fara yfir fyrirkomulagið sem komið er á fót skv. i.-iii. lið hér að framan og samþykkja endurskoðanir með samhljóða samþykki nema kveðið sé á um annað í starfsreglunum. Þeir mega einnig breyta starfsreglunum og fjárhagsreglunum með samhljóða samþykki.

23. gr.

Aukaþing.

Halda skal aukaðing samningsaðila:

- i. ef meirihluti samningsaðila, sem eru viðstaddir og greiða atkvæði á þingi, samþykkja það, þar sem hjáseta telst til greiddra atkvæða, eða
- ii. ef samningsaðili setur fram skriflega beiðni, innan sex mánaða frá því að beiðnin er tilkynnt til samningsaðilanna og ef skrifstofan sem um getur í 28. gr. hefur fengið tilkynningu um að beiðnin hafi fengið stuðning meirihluta samningsaðilanna.

24. gr.

Viðvera.

1. Sérhver samningsaðili skal sitja þing samningsaðilanna og njóta fyrirsvars eins sendimanns á slíkum þingum, og þeirra varamanna, sérfræðinga og ráðgjafa sem hann telur nauðsynlega.
2. Samningsaðilarnir mega bjóða, með samhljóða samþykki, hvaða þar til bærrí milliríkjastofnun sem er í málefnum sem falla undir þennan samning að sitja þing sem áheyrnarfulltrúi, eða tiltekna lotur þess. Áheyrnarfulltrúar skulu samþykkja ákvæði 27. gr. skriflega og fyrir fram.

25. gr.

Yfirlitsskýrslur.

Samningsaðilarnir skulu samþykkja, með samhljóða samþykki, og gera aðgengilegt almenningi skjal sem fjallar um málefni sem tekin eru til umfjöllunar og niðurstöður sem fást á þingi.

26. gr.

Tungumál.

1. Tungumál á þingum samningsaðila skulu vera arabíska, enska, franska, kínverska, rússneska og spænska nema kveðið sé á um annað í starfsreglunum.
2. Semja skal skýrslur sem lagðar eru fram skv. 5. gr. á þjóðtungu samningsaðilans sem leggja þær fram eða á einu tilnefndu tungumáli sem samþykkt er í starfsreglunum. Ef skýrslan er lögð fram á annarri þjóðtungu en tilnefnda tungumálinu skal samningsaðilinn leggja fram þýðingu á skýrslunni á tilnefnda tungumálinu.
3. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. tekur skrifstofan að sér þýðingu gegn greiðslu yfir á tilnefnt tungumál á skýrslum sem lagðar eru fram á öðrum tungumálum þingsins.

27. gr.

Trúnaðarkvöð.

1. Ákvæði þessa samnings skulu ekki hafa áhrif á réttindi og skyldur samningsaðilanna samkvæmt lögum þeirra um að koma í veg fyrir birtingu upplýsinga. Að því er þessa grein varðar merkja „upplýsingar“ m.a. i. persónuupplýsingar, ii. upplýsingar sem njóta verndar samkvæmt hugverkarrétti eða iðnaðar- eða viðskiptaleynd og iii. upplýsingar sem varða þjóðaröryggi eða vörslu kjarnakleyfra efna eða kjarnorkuvirkja.
2. Ef samningsaðili veitir upplýsingar, í tengslum við þennan samning, sem hann auðkennir sem trúnaðarupplýsingar eins og lýst er í 1. mgr. skal eingöngu nota þær upplýsingar í þeim tilgangi sem lá að baki veitingu þeirra og virða skal trúnað um þær.
3. Efni umræðna sem eiga sér stað við endurskoðun samningsaðila á skýrslunum á hverju þingi skal vera trúnaðarmál.

28. gr.

Skrifstofa.

1. Alþjóðakjarnorkumálastofnunin (hér á eftir nefnd „stofnunin“) skal annast skrifstofuhald fyrir þing samningsaðilanna.
2. Skrifstofan skal:
 - i. boða til, undirbúa og þjónusta þing samningsaðila,
 - ii. senda samningsaðilunum upplýsingar sem berast eða eru teknar saman í samræmi við ákvæði þessa samnings.
Sá kostnaður sem stofnunin stofnar til vegna þeirra skyldustarfa sem hún sinnir og um getur í i. og ii. lið hér að framan skal vera liður í reglulegri fjárhagsáætlun hennar.
3. Samningsaðilarnir mega óska eftir því, með samhljóða samþykki, að stofnunin veiti aðra þjónustu til að styðja við þing samningsaðilanna. Stofnunin má veita slíka þjónustu ef hægt er að sinna henni innan starfsáætlunar hennar og reglulegrar fjárhagsáætlunar. Ef það er ekki fært getur stofnunin veitt slíka þjónustu ef frjáls fjárframlög berast annars staðar frá.

4. KAFLI

Lokaákvæði og önnur ákvæði.

29. gr.

Lausn deilumála.

Rísi deila milli tveggja eða fleiri samningsaðila um túlkun eða beitingu ákvæða þessa samnings skulu þeir hafa samráð sín á milli, meðan þing samningsaðila stendur yfir, í því skyni að leysa deiluna.

30. gr.

Undirritun, fullgilding, staðfesting, samþykki, aðild.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja í höfuðstöðvum stofnunarinnar í Vín frá 20. september 1994 þar til hann öðlast gildi.
2. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgilding, staðfestingu eða samþykki undirritunar-ríkjanna.
3. Öllum ríkjum er heimilt að gerast aðilar að samningi þessum eftir að hann öðlast gildi.
4.
 - i. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar eða aðildar af hálfu svæðisstofnana á sviði samvinnu eða á öðru sviði, að því tilskildu að fullvalda ríki komi slíkum stofnunum á fót og að þær séu til þess bærar að vinna að undirbúningi, gerð og framkvæmd alþjóðasamninga um málefni sem samningur þessi fjallar um.
 - ii. Stofnanir þessar skulu, í málum sem eru á valdsviði þeirra og í eigin nafni, neyta þeirra réttinda sem samningur þessi veitir samningsríkjum og uppfylla þær skyldur sem hann leggur þeim á herðar.
 - iii. Þegar stofnun gerist aðili að samningi þessum skal hún senda vörsluaðilanum, sem um getur í 43. gr., yfirlýsingu þar sem fram kemur hvaða ríki eru aðilar að henni, hvaða greinar þessa samnings gilda um hana og hverjar valdheimildir hennar eru á því sviði sem þessar greinar fjalla um.
 - iv. Fyrirnefndar stofnanir skulu ekki fara með önnur atkvæði en atkvæði aðildarríkja sinna.
5. Skjöl um fullgilding, staðfestingu, samþykki eða aðild skulu afhent vörsluaðila til vörslu.

31. gr.

Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi á nítugasta degi eftir þann dag er tuttugasta og annað skjalið um fullgilding, staðfestingu eða samþykki er afhent vörsluaðila til vörslu, þar með talin skjöl sautján ríkja sem hvert og eitt hefur hið minnsta eitt kjarnorkuvirki sem hefur náð markástandi í ofnkjarna.
2. Að því er varðar hvert það ríki eða svæðisstofnun á sviði samvinnu eða á öðru sviði sem fullgildir, staðfestir, samþykkir eða gerist aðili að samningi þessum eftir þann dag er síðasta skjalið, sem gerð er krafa um til þess að uppfylla skilyrðin sem eru sett fram í 1. mgr., er afhent til vörslu skal

samningur þessi öðlast gildi á nítugasta degi eftir þann dag er slíkt ríki eða stofnun afhendir vörsluaðila viðkomandi skjal til vörslu.

32. gr.

Breytingar á samningnum.

1. Samningsaðila er heimilt að leggja fram tillögu að breytingu á samningi þessum. Taka skal breytingartillögur til umfjöllunar á endurskoðunarþingi eða aukáþingi.
2. Afhenda skal vörsluaðila texta hvernar breytingartillögu til vörslu ásamt rökstuðningi sem aftur sendir samningsaðilunum breytingartillögunum eigi síðar en níutíu dögum fyrir upphaf þingsins sem taka á hana til umfjöllunar. Vörsluaðilinn skal dreifa til samningsaðilanna öllum athugasemdum sem berast vegna slíkrar tillögu.
3. Samningsaðilarnir skulu ákveða eftir að breytingartillagan hefur verið tekin til umfjöllunar hvort samþykkja skuli tillögunum samhljóða eða, ef samkomulag næst ekki, leggja hana fyrir ráðstefnu stjórnarerindreka. Atkvæði tveggja þriðju hluta þeirra samningsaðila, sem sækja þingið og greiða atkvæði, þarf til þess að samþykkja að leggja breytingartillögu fyrir ráðstefnu stjórnarerindreka, að því tilskildu að minnst helmingur samningsaðilanna sé viðstaddur atkvæðagreiðsluna. Hjáseta við atkvæðagreiðslu skal teljast til greiddra atkvæða.
4. Vörsluaðili skal boða til ráðstefnu stjórnarerindreka, þar sem fjalla skal um og samþykkja breytingar á samningi þessum, og hana skal halda eigi síðar en ári eftir að viðeigandi ákvörðun er tekin í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar. Á ráðstefnu stjórnarerindreka skal kostað kapps um að samþykkja breytingar með samhljóða samþykki. Reynist það ekki unnt skal samþykkja breytingar með atkvæðum tveggja þriðju hluta allra samningsaðila.
5. Breytingar á samningi þessum, sem eru samþykktar skv. 3. og 4. mgr. hér að framan, eru háðar fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða formlegri vottun af hálfu samningsaðilanna og öðlast gildi gagnvart þeim samningsaðilum, sem hafa fullgilt þær, staðfest, samþykkt eða vottað þær með formlegum hætti, á nítugasta degi eftir að vörsluaðilinn hefur veitt viðeigandi skjölum viðtöku frá að minnsta kosti tveimur þriðju samningsaðilanna. Breytingarnar öðlast gildi gagnvart samningsaðila, sem síðan fullgildir, staðfestir, samþykkir eða vottar með formlegum hætti fyrrnefndar breytingar, á nítugasta degi eftir að hann hefur afhent viðeigandi skjöl sín til vörslu.

33. gr.

Uppsögn.

1. Sérhver samningsaðili getur sagt samningi þessum upp með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila.
2. Uppsögn tekur gildi einu ári eftir þann dag er vörsluaðili veitir tilkynningunni viðtöku eða síðar eins og tilgreint kann að vera í tilkynningunni.

34. gr.

Vörsluaðili.

1. Aðalframkvæmdastjóri stofnunarinnar skal vera vörsluaðili samnings þessa.
2. Vörsluaðilinn skal tilkynna samningsaðilunum um:
 - i. undirritun samnings þessa og um afhendingu skjala um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild í samræmi við 30. gr.,
 - ii. daginn sem samningurinn öðlast gildi í samræmi við 31. gr.,
 - iii. tilkynningar um uppsögn samningsins og dagsetningu hennar, sem gerð er í samræmi við 33. gr.,
 - iv. breytingartillögur við samning þennan sem samningsaðilar leggja fram, breytingar sem samþykktar eru af viðkomandi ráðstefnu stjórnarerindreka eða á þingi samningsaðila og gildistöku dag fyrrnefndra breytinga, í samræmi við 32. gr.

35. gr.

Gildir textar.

Frumrit samnings þessa, en textar hans á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku eru jafngildir, skal afhent vörsluaðilanum til vörslu sem sendir öllum samningsaðilum staðfest endurrit þess.

**CONVENTION
ON NUCLEAR SAFETY**

Preamble

THE CONTRACTING PARTIES

- i. Aware of the importance to the international community of ensuring that the use of nuclear energy is safe, well regulated and environmentally sound;
- ii. Reaffirming the necessity of continuing to promote a high level of nuclear safety worldwide;
- iii. Reaffirming that responsibility for nuclear safety rests with the State having jurisdiction over a nuclear installation;
- iv. Desiring to promote an effective nuclear safety culture;
- v. Aware that accidents at nuclear installations have the potential for transboundary impacts;
- vi. Keeping in mind the Convention on the Physical Protection of Nuclear Material (1979), the Convention on Early Notification of a Nuclear Accident (1986), and the Convention on Assistance in the Case of a Nuclear Accident or Radiological Emergency (1986);
- vii. Affirming the importance of international co-operation for the enhancement of nuclear safety through existing bilateral and multilateral mechanisms and the establishment of this incentive Convention;
- viii. Recognizing that this Convention entails a commitment to the application of fundamental safety principles for nuclear installations rather than of detailed safety standards and that there are internationally formulated safety guidelines which are updated from time to time and so can provide guidance on contemporary means of achieving a high level of safety;
- ix. Affirming the need to begin promptly the development of an international convention on the safety of radioactive waste management as soon as the ongoing process to develop waste management safety fundamentals has resulted in broad international agreement;
- x. Recognizing the usefulness of further technical work in connection with the safety of other parts of the nuclear fuel cycle, and that this work may, in time, facilitate the development of current or future international instruments;

HAVE AGREED as follows:

**CHAPTER 1
OBJECTIVES, DEFINITIONS AND SCOPE OF APPLICATION**

**ARTICLE 1
OBJECTIVES**

The objectives of this Convention are:

- i. to achieve and maintain a high level of nuclear safety worldwide through the enhancement of national measures and international co-operation including, where appropriate, safety-related technical co-operation;
- ii. to establish and maintain effective defences in nuclear installations against potential radiological hazards in order to protect individuals, society and the environment from harmful effects of ionizing radiation from such installations;
- iii. to prevent accidents with radiological consequences and to mitigate such consequences should they occur.

**ARTICLE 2
DEFINITIONS**

For the purpose of this Convention:

